

Lækningabók. Ráðleggingar og meðöl við ýmsum meinsemdum karla og kvenna. Safnað úr fræðibókum ýmsra fróðra manna og sett í starfófsröð af Jóni Þórðarsyni á Berufirði árið 1691. Rituhúsið á ný, nokkru aukin og löguð veturinn 1871 af Anonymo.

Meginhluti handritsins er lækningabókin, 114 bls. skipt í 443 greinar, og fylgir registur.

Næst (bls. 115) kemur svo nýtt titilblað: "Nytsamleg og fróðleg Grasafræði, innihaldandi nytjar og náttúru ýmislegra náttúrugrása, er til lækninga þéna, til fróðleiks og nytja þeim, sem brúka vilja, úr ýmsum lækningabókum samanskriðu í fardögum 1771, - á ný uppskrifuð, aukin og færð í stafrófsröð af Anonymo. 1871 - Samt olíur og ýmislegt annað til lækninga." Þessi kafli er á bls. 115-151, skiptist í 26 greinar, og fylgir nákvæmt registur.

Þá (bls. 153) kemur enn svohljóðandi titilblað: "Nytsamleg Steinafræði, sem er lítið safn af nöfnum, lýsingum og náttúru ýmissa náttúrusteina, ritað á ný eftir eldri handritum og aukin nokkru af Anonymo. - Viðbætur um ýmsa málma, sem takast af steinaríkinu".

Á bls. 171: "Lítið ágríp af Dýra- og Mannþekkingunni, uppskrifað að nýju eftir gömlu handriti, þeim til fróðleiks, nota og skemmtunar, er iðka vilja; lagað og aukið, einkum um eðli manneskjunnar og þekkingu hennar af útliti og skapnaði af Anonymo. - Viðbætur um fuglanna náttúru, allt eftir stafrófsröð færð."

- Innan á bakspjald bókarinnar eru skrifuð 19 bæjanöfn í röð, öll úr Árskógshreppi.

Innan í framanskraðri bók eru þessi smákver; öll 17 x 10,5 cm að síðustærð:

I. Formannavísur árið 1873. (Hringa meiðum hér ég þyl/heiti formannanna./sem um breiðan hnísu hyl/hákarlaveiða fara til). Virðist eiga við eyfirska formenn eingöngu. Prentaðar í Blöndu VI. Höfundur Hafliði Fonnbogason.

II. Taxti? yfir ýmislegt. Tölu-, villu-, málrúna- og svartrúnalettri safnað saman úr ýmsum fræðimannabókum veturinn 1855 af G. (Geir?) Vigfússyni.

III. Draumaráðningar.

IV. Um náttúru tunglsins. Bundnar málrúnir. Landið fagra (kvæði ort út af áróðri Brasilúagenta; ort undir dulnefni).

V. 6 blöð (10 x 8 cm.), brot af sveitarvísium úr Öngulsstaðahreppi. Undir einni vísunni standa stafirnir OES: Öll þessi handrit eru frá Bragholti í Arnarneshreppi.

21 x 17 cm. 200 tölus. bls. í sæmilegu bandi, mjög skýrt og fallega skrifuð, kaflafyrirsagnir skreyttar með lit og strikaðar spássíur víðast hvar, flúraður bekkur utan með titilsíðum.